



ALLIR EIGA ERINDI Á KEPPNISVÖLLINN

Afmæliskveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Fáum er gefið að breyta sýn heillar þjóðar, færa samfélaginu ný gildi, skapa gleði og stolt í hugum þúsundanna, sanna að áhugi og einbeitni eru forsenda betri heilsu, festa í sessi þann skilning að þátttakan er sigrinum æðri, að íþróttir eru ekki forréttindi hinna ófötludu heldur á hver og einn erindi á keppnisvöllinn.

Öllu þessu hefur Íþróttasamband fatlaðra áorkað á merkum ferli. Í aldarfjórðung hefur starf þess markað djúp spor, spunnið sterka þræði úr íþróttaanda og samfélagshugsjón okkar Íslendinga; náð að umbreyta viðhorfum og væntingum þjóðarinnar.

Nú er fötlun ekki lengur talin hindrun. Nú kappkostum við að veita öllum tækifæri til að vera með. Nú fögnum við árangri á mörgum sviðum sem áður voru utangarðs.

Íþróttasamband fatlaðra hefur þjálfað þúsundir í ólíkum greinum og fært okkur keppnishetjur í fremstu röð, afreksfólk sem borið hefur hróður lands og þjóðar um víða veröld, náð fjölda heimsmeta í íslenskar hendur.

Þátttaka Íþróttasambands fatlaðra í Ólympíuleikum og Special Olympics er burðarás í alþjóðastarfi íþróttafólks. Það hafa verið forréttindi að fylgja íslenska liðinu á slík mót og kynnast virðingu og aðdáun sem þau þar njóta. Ég þakka þá samfylgd og einnig gleði og samkennd sem keppendur hafa fært okkur Íslendingum.

Við vitum aldrei hvenær erfiðleika ber að garði, hvenær börn okkar, ættingjar eða vinir þurfa að glíma við fötlun eða andlega erfiðleika.

Vonin boðar þá birtu hins nýja dags; trúin á gjöfult líf verður veganesti á langri leið.

Við getum treyst því að Íþróttasamband fatlaðra mun gera þá göngu gleðiríka

Ólafur Ragnar Grímsson

(sign)